

## 183. fundur.

Stjórnarfundur á skrifstofu SORPU b.s., fimmtudaginn 29. ágúst 2002, klukkan 08:30.

**Mættir eru:** Sigurrós Þorgrímsdóttir, Geir Þórólfsson, Guðmundur G. Gunnarsson, Þorbjörg Vigfúsdóttir, Kristján Guðmundsson, Ingibjörg Hauksdóttir og Valdimar K. Jónsson.

Framkvæmdastjóri Ögmundur Einarsson og deildarstjóri þróunar- og tæknideildar Björn H. Halldórsson.

### Tekið fyrir:

1. **Árshlutauppgjör tímabils janúar – júní 2002**  
Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöður árshlutauppgjörs.  
Árshlutauppgjörið rætt.  
Stjórn samþykkir uppgjörið samhljóða.
2. **Umsögn um frumvarp að lögum um meðhöndlun úrgangs.**  
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir umsögn SORPU bs. um frumvarpið til umhverfisnefndar Alþingis. Stjórn samþykkir umsögn SORPU bs samhljóða. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vekja athygli sveitarfélaga á íþyngjandi ákvæðum í lögnum fyrir sveitarfélögin. Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda umsögn SORPU bs um frumvarpið til aðildarsveitarfélaga SORPU bs., Sambands ísl. sveitarfélaga og Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
3. **Umsögn um þingsályktunartillögu um úttekt á óhreyfðum skipum í höfnum og fleira.**  
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir umsögn SORPU bs um þingsályktunartillöguna til umhverfisnefndar Alþingis.
4. **Önnur mál.**
  - a) Tilnefning fulltrúa í samráðshóp stjórnar SORPU bs og Samtaka atvinnulífsins. Stjórn samþykkir að tilnefna Valdimar K. Jónsson varaformann stjórnar. Guðmund G. Gunnarsson og Ögmundur Einarsson framkvæmdastjóra.
  - b) Framkvæmdastjóri upplýsir um svar Orkusjóðs varðandi tvær styrkbeiðnir sem báðum var hafnað.
  - c) Ákvarðaðir fundartímar stjórnar til áramóta.
  - d) Framkvæmdastjóri leggur fram framvinduskýrslu nr. 38. júlí – ágúst 2002.  
Í skýrslunni er kynnt staða; bílavogar í Álfsnesi, urðunarreinar nr. 7 og þróunarverkefnið “Lukt fra vátorganisk avfall”.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.  
Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Sigurrós Þorgrímsdóttir  
Guðmundur G. Gunnarsson  
Kristján Guðmundsson  
Þorbjörg H. Vigfúsdóttir  
Ögmundur Einarsson

Valdimar K. Jónsson  
Geir Þórólfsson  
Ingibjörg Hauksdóttir  
Björn H. Halldórsson